

Fimmtudaginn 18. október 1984.

Nr. 165/1982. **Eiríkur Tómasson hrl.**
f.h. Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk

(Eiríkur Tómasson hrl.)

gegn

Útgerðarfélaginu Nirði h/f

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Samningar. Skaðabætur. Forsendur. Innflutningur skipa. Sér-
 atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 23. ágúst 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júlí 1982. Hann krefst þess aðallega, að stefnda verði dæmt til að greiða sér 372.660.00 norskar krónur (Nkr) ásamt 11% ársvöxtum af 9.501.00 Nkr frá 21. desember 1979 til 14. júlí 1980, af 215.463.00 Nkr frá þeim degi til 1. ágúst 1980, af 372.660.00 Nkr frá þeim degi til 21. apríl 1982, en 10% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefnda verði dæmt til að greiða sér 100.000.00 Nkr með 11% ársvöxtum frá 14. júlí 1980 til 21. apríl 1982, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, gerðu málsaðiljar samning 31. ágúst 1979 um, að áfrýjandi seldi stefnda vélbátinn Hamravík, KE 75. Í niðurlagi þess samnings, sem er á norsku, segir, að forsenda hans sé „godkjenning fra såvel islandske som norske myndigheter.“ Í lok febrúar og byrjun mars 1980 skiptust málsaðiljar á nokkrum bréfum og símskeytum um gildi samningsins. Taldi áfrýjandi, að samningurinn væri fallinn úr gildi vegna vanefnda stefnda, en stefndi hélt fast við, að samningurinn væri í gildi. Er þetta rakið í héraðsdómi. Með bréfi 3. mars fór áfrýjandi þess

á leit við hið stefnda félag, að það lýsti yfir því samdægurs, að það vildi kaupa vélbátinn á sama verði og um hefði verið samið 31. ágúst, að viðbættum þeim kostnaði, sem áfrýjandi hefði orðið að greiða vegna vanefnda þess. Þennan kostnað sundurliðaði áfrýjandi svo í bréfi þessu:

Vátrygging m/s Hamravíkur	Nkr. 40.800.00
Hafnargjöld, daglegt eftirlit, olía, rafmagn o.fl. vegna legu skipsins í Njarðvíkurhöfn .	Nkr. 65.000.00
Vextir af heildarverði skipsins (1.3% á mán- uði)	Nkr. 140.400.00
Önnur útgjöld (ferðir, uppihald, lögfræði- aðstoð o.fl.)	Nkr. 50.000.00
Samtals	Nkr. 296.100.00

Hinn 4. mars gerðu aðiljar nýjan samning, einnig á norsku, um kaup á vélbátnum, og er í samningi þessum tekið fram, að kaupverð sé 1.800.000.00 Nkr. eins og í fyrri samningnum, en auk þess eigi stefndi að greiða áfrýjanda 155.800.00 Nkr. „til dekning af pálöbne omkostninger.“ Fjárhæð þessi er samtalan af 1., 2. og 4. lið áður nefnds kostnaðarreiknings áfrýjanda. Hluta þessarar fjárhæðar, 55.800.00 Nkr., greiddi hið stefnda félag við undirskrift samningsins, en mismuninn, 100.000.00 Nkr., skyldi greiða um leið og kaupverðið. Í niðurlagi samningsins er svofellt ákvæði: „Kjöper har meddelt að han har myndigheternes tillatelse til dette kontraktsforhold og selger har bekræftet det samme.“ Aðiljar eru sammála um, að bréf sjávarútvegsráðuneytisins til viðskiptaráðuneytisins, dagsett 20. febrúar 1980, hafi legið fyrir aðiljum, þegar samningurinn var undirritaður. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Með tilvísun til fyrri ákvarðana um sölu m/b Hamravíkur KE úr landi, vill ráðuneytið upplýsa nú að það fellur frá skilyrði um að m/b Hamravík KE sé seld úr landi, þ.e. það telur innflutning skipsins heimilan, enda verði annað skip selt úr landi af kaupanda þess og ekki verði um lán úr opinberum sjóðum að ræða vegna kaupanna.“

Aðilar eru einnig sammála um, að þeim hafi við undirritun samningsins báðum verið kunnugt um, að búið væri að strika vélbátinn

út af skipaskrá. Stefndi hafi ritað siglingamálstjóra bréf 29. febrúar og beðið um, að báturinn yrði skráður á ný. Sú beiðni bar ekki árangur.

Málsaðiljum, sem báðir höfðu íslenska lögfræðinga sér til aðstoðar við samningsgerðina 4. mars 1980, mátti vera ljóst, að niðurlagsákvæði C liðar 26. gr. laga nr. 52/1970 stæði því í vegi, að stjórnvöld gætu heimilað innflutning vélbátsins Hamravíkur, sem var meira en 12 ára gamall. Til þess þyrfti lagaheimild. Slík heimild fékkst ekki, en frumvarp til laga um innflutning bátsins var þó lagt fram á Alþingi um veturinn, en náði ekki fram að ganga. Innflutningsleyfi var að sjálfsögðu alger forsenda þess, að kaupin næðu fram að gang. Er af þessum sökum fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að samningurinn frá 4. mars um kaupin á bátnum hafi fallið úr gildi, vegna þess að þessi forsenda fyrir þeim brást, og að hvorugur málsaðilja beri öðrum fremur ábyrgð gagnvart hinum á því, að svo fór, þrátt fyrir áðurgreint niðurlagsákvæði samningsins. Samkvæmt því verður aðalkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina.

Eins og fyrr greinir, var í kaupsamningnum 4. mars, ákvæði, þar sem hið stefnda félag skuldbatt sig til að greiða áfrýjanda 155.800.00 Nkr. „til dekning av påløbne omkostninger.“ Hvort sem það kann að hafa verið skyldugt til að greiða kostnað þennan eða ekki samkvæmt ákvæðum samningsins frá 31. ágúst 1979, var skuldbindingin fyrirvaralaus af þess hálfu, og hluta fjárhæðarinnar greiddi það athugasemdalaust við undirskrift samningsins, eins og fyrr segir. Verður að telja stefnda við þetta ákvæði bundinn. Ber því að dæma hann til að greiða áfrýjanda 100.000.00 Nkr. með vöxtum, eins og í varakröfu áfrýjanda greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 60.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Útgerðarfélagið Njörður h/f, greiði áfrýjanda, Eiríki Tómassyni hrl. f.h. Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk, 100.000.00 Nkr með 11% ársvöxtum frá 14. júlí 1980 til 21. apríl 1982, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags,

og 60.000.00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna
Guðmundar Jónssonar og
Magnúsar Þ. Torfasonar.

Við gerð samningsins 4. mars 1980, sem leysti af hólmi fyrri samning aðilja frá 31. ágúst 1979, gerði hvorugur þeirra sér ljóst, enda þótt þeir nytu báðir aðstoðar íslenskra lögmanna, að innflutningur m/s Hamravíkur var óheimill að lögum, þar sem skipið var eldra en 12 ára, sbr. 3. mgr. C liðar 26. greinar laga nr. 52/1970. Voru báðir aðiljar í þeirri villu, að íslensk stjórnvöld væru bær til að leyfa innflutning skipsins, sem strikað hafði verið af íslenskri skipaskrá. Töldu þeir raunar tryggt, að slíkt leyfi fengist, enda lá fyrir þeim bréf sjávarútvegsráðuneytis til viðskiptaráðuneytis um, að það teldi innflutning skipsins heimilan.

Niðurlagsákvæði samningsins 4. mars 1980 verður að skilja þannig, að stefndi taki með því ábyrgð á því, að íslensk stjórnvöld veiti leyfi sitt til innflutnings skipsins. Áfrýjanda mátti hins vegar vera ljóst, að sú ábyrgð var tekin í trausti þess, að stjórnvöld hefðu það á valdi sínu að leyfa innflutning skipsins og þess, að í raun rétttri væri sú leyfisveiting tryggð með bréfi sjávarútvegsráðuneytisins. Þegar litið er til þessa, orðalags ákvæðisins svo og þess fyrirvara, sem gerður var í lokaákvæði samningsins frá 31. ágúst 1979, þykir ekki eiga að skýra umrætt ákvæði í samningnum frá 4. mars þannig, að með því hafi stefndi einnig tekist á hendur ábyrgð á því, að rutt yrði úr vegi þeirri lagatálmun, sem hvorugur aðilja gerði sér grein fyrir, að stóð í vegi fyrir innflutningi skipsins.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja, að samningur aðilja 4. mars 1980 hafi verið reistur á svo verulegri rangri forsendu, að hvorugur aðilja eigi að vera honum bundinn, er eigi reyndist unnt að afla lagaheimildar til innflutnings skipsins. Að því er varðar sérstaklega þá skuldbindingu, er stefndi undirgekkst með samningi þessum til að greiða kostnað af legu m/s

Hamravíkur í Keflavíkurhöfn fyrir 4. mars 1980, er þess getandi, að ekki verður annað séð en að þetta hafi hann gert umfram samningsskyldu samkvæmt samningnum frá 31. ágúst 1979. Verður að telja samningsákvæði þetta vera í slíkum tengslum við önnur ákvæði samningsins frá 4. mars 1980, að stefndi sé ekki af því bundinn fremur en þeim.

Samkvæmt þessu teljum við, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að frá 21. apríl 1982 til greiðsludags verði vextir af dæmdri fjárhæð 10% ársvextir.

Við teljum eftir atvikum rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. mars 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. mars sl., hefur Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður, Lágmúla 5, Reykjavík, höfðað f.h. Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk, Noregi, með stefnu, birtri 19. febrúar 1981, gegn Útgerðarfélaginu Nirði h.f., Húsavík, til greiðslu 378.339 Nkr. ásamt 11% ársvöxtum af 9.501 Nkr. frá 21. desember 1979, af 215.463 Nkr. frá 14. júlí 1980 og af 378.339 Nkr. frá 1. ágúst 1980 til birtingardags stefnu og dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 af stefnufjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Þá hefur stefndi með gagnstefnu framlagðri í dóm þann 25. september 1981 höfðað gagnsök á hendur stefnanda til greiðslu á 55.800 Nkr. eða jafnvirði þess í íslenskum krónum á greiðsludegi ásamt dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 af stefnufjárhæðinni frá þingfestingardegi að telja til greiðsludags svo og málskostnaði í gagnsökinni að mati réttarins.

Af hálfu stefnanda er þess krafist í gagnsök, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í gagnsökinni.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum án árangurs.

Mál þetta er risið út af skipakaupum. Með samningi, dags. 31. ágúst 1979, dskj. nr. 3, seldi stefnandi stefnda vélbátinn Hamravík, KE 75. Kaupverðið nam Nkr. 1.800.000.-. Stefndi átti að afhenda stefnanda vélbátinn Blika, ÞH 50, upp í kaupverðið fyrir Nkr. 800.000.-, en afgang kaupverðsins átti stefndi að greiða með skuldayfirlýsingu að fjárhæð Nkr. 1.000.000.-sbr. nánar dskj. nr. 3, 4 og 6.

Stefnandi heldur því fram, að á meðan á samningaumleitunum stóð hafi

framkvæmdastjóri stefnda lýst því yfir, að stefndi hefði fyrirheit um það frá íslenskum stjórnvöldum, að tilskilin leyfi myndu fást til kaupanna hér á landi og það innan skamms. Í samningum á dskj. 3 og 4 segir, að forsenda fyrir kaupunum sé samþykki íslenskra jafnt sem norskra yfirvalda. Stefndandi heldur því fram, að eðli málsins samkvæmt hafi hann tekið að sér að útvega tilskilin leyfi norskra yfirvalda og hafi þau fengist svo til samtundis. Hann heldur því fram, að gengið hafi verið út frá því við samningsgerðina, að Hamravík yrði afhent í byrjun septembermánaðar 1979 að fengnum tilskildum leyfum. Ekkert hafi verið því til fyrirstöðu af hálfu hans, að skipið yrði afhent á þeim tíma í samningsbundnu ástandi. Stefndi hafi hins vegar neitað að taka við skipinu, þar sem að honum hafi ekki tekist að afla tilskilinna leyfa íslenskra yfirvalda. Stefndandi hafi spurst fyrir um það, þann 6. september 1979, hvort stefndi hefði fengið tilskilin leyfi, og fengið þau svör, að leyfin fengjust í næstu viku. Eftir þetta hafi stefndandi ekki heyrt frá stefnda fyrr en í lok febrúarmánaðar 1980. Á meðan eða nánar tiltekið þann 10. desember 1979 hafi Hamravík verið tekin af íslenskri skipaskrá. Það hafi verið gert, án þess að stefnanda eða fyrri eiganda skipsins væri gert viðvart þar um eða gefinn kostur á að tjá sig um það.

Stefndandi hafi í ársbyrjun 1980 farið að hafa vaxandi áhyggjur af því, að stefndi myndi ekki fá tilskilin leyfi íslenskra yfirvalda vegna kaupanna þrátt fyrir fyrrgreindar yfirlýsingar. Útgjöld vegna legu Hamravíkur í Njarðvíkurhöfn hafi verið orðin veruleg og annar kostnaður vegna viðtöku-dráttar stefnda. Þá hefði stefnanda borist fyrirspegnir um kaup á bátnum, eins og fram komi á dskj. nr. 7 og 9. Umboðsmaður stefnanda hafi því haft samband við framkvæmdastjóra stefnda, sem þá hafi sagst hafa gefið upp alla von um að fá fyrrgreind stjórnvaldsleyfi. Í lok febrúarmánaðar 1980 hafi fyrirsvarsmenn stefnanda, þeir Leif Kongevold forstjóri, og Sigmund Kroslið, komið hingað til lands til að fá úr því skorið, hvort stefndi ætlaði sér að standa við samningana frá 31. ágúst 1979. Þann 27. febrúar hafi stefnda verið ritað bréf, þar sem stefndandi lýsi sig reiðubúinn til að gera nýjan samning um kaup og sölu á Hamravík í stað upphaflega samningsins. Í þessu bréfi sé stefnda gefinn frestur til 29. febrúar til að útvega tilskilin stjórnvaldsleyfi, að öðrum kosti telji stefndandi sig óbundinn af upphaflega samingnum sökum vanefnda af hálfu stefnda. Stefndandi hafi borist símskeyti frá stefnda samdægurs, þar sem ítrekað var gildi upphaflegu samninganna þar til fengin væru endanleg svör viðkomandi stjórnvalda til samþykktar eða synjunar kaupanna. Stefndandi hafi í framhaldi af þessu skeyti ítrekað efni fyrra bréfsins með símskeyti, dags. 28. febrúar. Þann 23. febrúar hafi stefnanda borist svohljóðandi símskeyti frá stefnda: „Hef aflað tilskilinna leyfa frá íslenskum stjórnvöldum til að kaupa m.b.

Hamrávík og sölu á m.b. Blika ÞH 50. Hef þegar lagt inn umsókn að Hamrávík verði sett á íslenska skipaskrá, þar af leiðandi tilbúinn til frágangs á kaupsamningi og sölusamningi.“ Stefnandi kveðst hafa svarað þessu skeyti stefnda með bréfi, dags. 3. mars, og lýst sig reiðubúinn til að gera nýjan kaupsamning um kaup og sölu Hamrávíkur gegn því, að stefndi greiddi kostnað vegna vanefnda sinna á upphaflega samningnum. Eftir samningaumleitanir milli aðilja hafi verið gerðir nýjir samningar milli þeirra, dskj. nr. 18, 20 og 21, er leyst hafi af hólmi upphaflegu samningana frá 31. ágúst 1979.

Í nýja samningnum um kaup og sölu Hamrávíkur á dskj. nr. 18 segir, að kaupverðið sé enn sem fyrr Nkr. 1.800.000, en að auki tekur stefndi að sér að greiða stefnanda Nkr. 155.800.- til að mæta áföllnum kostnaði. Hluta þessarar greiðslu átti að inna af hendi við undirskrift samninganna, og var það gert. Sérstaklega var samið um afhendingu bátanna, skyldi Hamrávík afhent stefnda í síðasta lagi þann 25. mars 1980, en Bliki 30 dögum síðar.

Stefnandi leggur áherslu á það, að í niðurlagi samningsins á dskj. nr. 18 segi orðrétt: „Kjöper har meddelt, at han har myndighetenes tillatelse til dette kontraktsforhold, og selger har bekræftet det samme.“

Stefnandi heldur því fram, að með þessu lýsi stefndi því yfir að hann hafi tilskilin leyfi íslenskra yfirvalda til kaupanna og stefnandi staðfesti fyrir sitt leyti, að hann hafi samsvarandi leyfi norskra yfirvalda. Hann bendir á, að stefndi hafi til staðfestingar þessari yfirlýsingu sinni lagt fram bréf sjávarútvegsráðuneytisins til viðskiptaráðuneytisins, þar sem ráðuneytið telur innflutning Hamrávíkur heimilan að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Stefnandi kveðst þá strax hafa gert gangskör að því, að Hamrávík yrði skoðuð og gert við smávægilegar skemmdir á bátnum, til þess að hann yrði afhentur í samningsbundnu ástandi á tilsettum tíma, sbr. dskj. nr. 24 og 25. Hamrávíkin hafi verið tilbúin til afhendingar í Njarðvíkurhöfn hinn 25. mars, eins og gert var ráð fyrir í samningnum frá 4. þ.m. Ástand bátsins hafi verið algjörlega í samræmi við ákvæði 2. tl. samningsins á dskj. nr. 18. Siglingamálastofnun ríkisins hafi hins vegar neitað að skoða bátinn, fyrr en hann hefði verið tekinn á íslenska skipaskrá. Stefndi hafi látið hjá líða að taka við Hamrávík og borið því við þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar sínar, að ekki væri fullljóst, hvort skipið yrði tekið á skipaskrá hérlandis. Hann gæti þar af leiðandi ekki staðið við samninginn frá 4. mars 1980.

Fyrirsvarsmenn stefnanda hafi svo í byrjun júlímánaðar komið gagnert hingað til lands til að fá úr því skorið, hvort stefndi ætlaði sér að standa við samninginn frá 4. mars. Viðræður hafi farið fram, en án árangurs. Stefnandi hafi því þann 1. júlí sent stefnda símskeyti og skorað á hann

að standa við samninginn og taka við Hamravík án frekari tafar. Í skeyti þessu segir: „Höfum við ekki heyrt frá yður fyrir kl. 12:00 á hádegi mánu-daginn 14. júlí n.k., lítum við svo á að þér hafið afráðið að taka ekki við skipinu. Sjáum við okkur þá ekki annað fært en að rifta fyrrgreindum samningi og krefjast fullra skaðabóta vegna þess tjóns sem við höfum orðið fyrir sökum vanefnda af yðar hálfu.“ Samdægurs hafi stefnanda borist bréf frá stefnda, þar sem hann lýsi því yfir að hann rifti samningnum frá 4. mars vegna tiltekinna vanefnda af hálfu stefnanda. Stefnandi hafi ekki séð ástæðu til þess að svara þessu bréfi stefnda, heldur sent honum sím-skeyti þann 14. júlí, þar sem samningum er rift með vísun til þess sem á undan var gengið.

Í máli þessu sækir stefnandi stefnda um skaðabætur vegna vanefnda á kaupunum. Byggir stefnandi sérstaklega á því, að stefndi hafi margítrekað og síðast í samningnum frá 4. mars 1980 um kaup og sölu Hamravíkur gefið yfirlýsingu um það, að hann hafi tilskilin leyfi íslenskra yfirvalda til umræddra kaupa. Stefndi geti þar af leiðandi ekki gengið frá samningnum án þess að svara stefnanda bótum, þótt síðar hafi komið í ljós, að yfirlýsing hans hafi ekki verið á rökum reist. Stefnandi hafi hlotið að treysta ótví-ræðri yfirlýsingu stefnda af þeim ástæðum:

1. Stefndi sé íslenskur aðili, en stefnandi erlendur. Stefndi hafi þar með hlotið að vera í betri aðstöðu en stefnandi til að staðreyna sannleiksgildi yfirlýsingarinnar, enda hafi honum borið að gera það, þar sem hún hafi einvörðungu verið frá honum komin.

2. Stefndi hafi við undirritun samningsins lagt fram bréf sjávarútvegs-ráðuneytisins til viðskiptaráðuneytisins og talið efni þess styðja yfirlýsingu sína. Stefnandi hafi hlotið, eins og á stóð, að taka bréf þetta trúanlegt ásamt skýringum stefnda.

3. Þótt 26. gr. laga nr. 52/1970 leggi fortakslaust bann við innflutningi hingað til lands á skipum, sem eldri eru en 12 ára, en Hamravíkin var eldri en 12 ára, hafi slíkur innflutningur verið heimilaður með sérstökum lögum, sbr. t.d. lög nr. 4/1977. Stefnandi hafi því hlotið að líta svo á, að stefndi hefði tryggt sér þessa heimild, fyrst að hann gaf fyrrgreinda yfirlýsingu án nokkurs fyrirvara, a.m.k. sé ljóst, að stefndi hafi með þessu tekið áhættuna af því, að sú heimild fengist.

Í málinu gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndi greiði honum bætur fyrir allt það tjón, beint og óbeint, sem hann telur sig hafa beðið vegna þess, að samningurinn var ekki efndur skv. efni sínu. Kröfur þessar sundur-liðast þannig:

Eftirstöðvar af greiðslu á áföllnum kostnaði fram til 4. mars 1980 skv. samningi þann dag	Nkr. 100.000.-
Útgjöld vegna legu Hamravíkur í Njarðvíkurhöfn eftir 25. mars 1980	Nkr. 6.700.-
Vátrygging af bátnum frá 25. mars 1980 til 20. júní 1980	Nkr. 9.501.-
Útgjöld vegna ferða, uppihalds og annars kostnaðar vegna samningaumleitana í júlímánuði 1980	Nkr. 20.000.-
Dráttur á Hamravík til Noregs ásamt vátryggingu af því tilefni	Nkr. 136.176.-
Arðstap af 1.100.000.- Nkr. frá 25. mars til 14. júlí 1980	Nkr. 51.715.-
Afskrift við viðhald og viðgerðir á bátnum frá 25. mars til 14. júlí 1980	Nkr. 54.247.-
eða samtals	Nkr. 378.339.-

Þá krefst stefnandi vaxta af vátryggingu bátsins frá 21. desember 1979, en þann dag hafi hún verið greidd, sbr. dskj. nr. 30. Vaxta af arðstapi og afskriftum er krafist frá 14. júlí 1980, þegar stefnandi rifti kaupunum, en vaxta af öðrum kröfum er krafist frá 1. ágúst 1980. Vaxtafótur er miðaður við almenna sparisjóðsvesti í Noregi, sem stefnandi segir hafa verið 5% á ári skv. upplýsingum Seðlabanka Íslands, að viðbættum 6% ársvöxtum skv. heimild í tilkynningu Seðlabankans þann 9. febrúar sl.

Málsástæður stefnda koma fram í riftunarbréfi hans, dags. 11. júlí 1980, en þar eru ástæður riftunarinnar taldar þessar:

1. Seljandi selji kaupanda fiskiskip, sem bar nafnið Hamravík og skrásetningarnúmer í íslenskri skipaskrá KE 75. Þetta hafi seljanda reynst ómögulegt, þar sem að þann 10. desember 1979 hafi þetta skip í hans eigu skv. afsali Hraðfrystihúss Keflavíkur h.f. verið tekið út af íslenskri skipaskrá og verið svipt þjóðerni sínu og þar af leiðandi, sökum aldurs, andstætt íslenskum lögum að flytja skipið til Íslands.

2. Samkvæmt kaupsamningnum hafi seljandi átt að afhenda kaupanda skipið í Keflavíkurhöfn 25. mars 1980 með fullnægjandi haffærisskrteini og skoðað af íslenskri skipaskoðun og í tilteknu samningsbundnu ástandi. Seljandi hafi ekki getað afhent skipið skv. þessu samningsákvæði. Skipið hafi því frá samningsgerð ætíð verið í vörslu og á ábyrgð seljanda og kaupandi aldrei tekið við því. Þar sem seljandi hafi skv. framansögðu ekki getað afhent skipið skv. samningnum, sé að sjálfsögðu ekki um viðtökudrátt að ræða af hálfu kaupanda. Útgerðarfélagið Njörður h.f. hafi fylgst með og

tekið þátt í tilraunum til að gera seljanda kleift að sinna samningsskyldu sínum varðandi afhendingu hins selda, það hafi hins vegar verið orðið annað stætt hagsmunum útgerðarfélagsins að bíða eftir því lengur, að m.b. Hamravík, KE 75, væri afhent í samningsbundnu ástandi, þar sem biðin frá 25. mars 1980 og til dags. riftunarbréfsins hefði þegar bakað félaginu stórtjón. Stefndi mótmælir því alfarið, að hann beri ábyrgð á því, að Hamravíkin, KE 75, var tekin út af skipaskrá, og því, að skipið fékkst ekki tekið hér á skipaskrá að nýju.

Gagnkrafa stefnda er á því byggð, að þar sem stefnandi hafði ekki getað staðið við afhendingu skipsins, sbr. samninginn á dskj. nr. 18, hefði hann rift kaupunum með bréfi 11. júlí 1980 með áskilnaði um að krefjast endurgreiðslu Nkr. 55.800.-, sem hann hefði greitt til að liðka um fyrir samningum aðilja frá 4. mars 1980, sem fyrstu afborgun upp í kaupverðið.

Fyrir dóm hafa komið Hafliði Þórsson, framkvæmdastjóri stefnda, og Gunnar Friðriksson, sem hafði milligöngu um kaupin hér á landi af hálfu stefnanda.

Fram kom, að haustið 1979 aflaði stefndi allra leyfa, sem til kaupanna þurfti, nema leyfis sjávarútvegsráðuneytisins, en aðiljar töldu, að það þyrfti að liggja fyrir. Þetta leyfi fékkst ekki, og strönduðu skipakaupin á því, þar til að nýr ráðherra hafði tekið við sjávarútvegsmálum, en þá voru kaupin heimiluð, sbr. dómskj. 23.

Þá hefur Eiríkur Tómasson hdl. gefið yfirlýsingu fyrir dómi, en hann flytur málið fyrir hönd stefnanda. Þar segir m.a.: „Í fyrsta lagi þá var báðum aðiljum máls þessa kunnugt um að Hamravík hafði verið tekin af íslenskri skipaskrá þegar samningurinn í byrjun mars var undirritaður. Í öðru lagi þá lá fyrir báðum aðiljum bréf sjávarútvegsráðuneytisins á dskj. nr. 23 þar sem innflutningur á skipinu er heimilaður af hálfu ráðuneytisins. Báðir aðilar litu svo á að með þessu bréfi hefðu stjórnvöld lýst því yfir, að þau myndu tryggja innflutning á skipinu. Síðar gerist það að málið þarf að fara fyrir Alþingi þar sem í lögum um eftirlit með skipum segir að ekki megi flytja inn skip eldri en 12 ára gömul til Íslands. Þá tókum við, þ.e.a.s. ég og Ingi R. Helgason, — sem á þeim tíma var lögmaður stefnda í máli þessu, — tókum við að okkur að reifa þessi mál við stjórnvöld.“

Guðjón Ármann Jónsson, lögmaður stefnda, hefur játað þetta rétt eftir því sem hann best viti. Á þessum tíma fylgdust lögmennirnir báðir með málinu.

Álit dómsins.

Þær voru forsendur beggja aðilja fyrir kaupsamningnum um Hamravík KE 75, frá 31. ágúst 1979, að til kaupanna fengjust áskilin leyfi bæði íslenskra og norskra yfirvalda. Samþykki íslenska sjávarútvegsráðuneytisins

fékkst ekki til kaupanna þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir kaupanda, en báðir aðiljar töldu það þá nauðsynlegt. Það er ekki fyrr en nokkuð er komið fram á árið 1980, að veður skipast í lofti og ráðuneytið fellur frá því skilyrði, að Hamravík, KE 75, verði seld úr landi, sbr. dskj. 23. Aðiljar gera síðan með sér nýjan samning, dags. 4. mars 1980. Það eru ákvæði þessa samnings, sem hér koma til skoðunar. Hér er ekki um það deilt, að á þessum tíma mátti fá og höfðu fengist öll venjuleg leyfi stjórnvalda bæði í Noregi og á Íslandi til kaupanna. Nú hafði skipið hins vegar verið tekið út af skipaskrá hér, sjá dskj. 38, sbr. 15. gr. laga nr. 53/1970, og varð Alþingi vegna aldurs skipsins að heimila ráðherra að leyfa innflutning þess, sjá hér 3. mgr. c. liðar 26. gr. laga nr. 52/1970. Samkvæmt yfirlýsingum lögmanna aðilja hér fyrir dómi vissu báðir aðiljar við gerð samningsins frá 4.mars 1980, að skipið var ekki lengur á skipaskrá. Hitt var þeim báðum hulið, að leyfi Alþingis þyrfti til að koma. Þetta leyfi fékkst ekki, og skipið fékkst því ekki skráð.

Við gerð kaupsamnings 4. mars 1980 er þannig báðum aðiljum ljóst, að skipið hefur ekki verið skráð, og stefnandi má jafnvel og stefndi vita, að leyfi Alþingis er ekki fengið. Báðum aðiljum stóð það jafnnær að þekkja íslensk lög, enda hafði stefnandi íslenska umboðsmenn fyrir sig. Stefndanda mátti þannig vera ljóst, að forsendur stefnda fyrir kaupunum væru, að hann fengi skipið skráð og að hann gæti ekki ábyrgst, að það fengist. Niðurlag samningsins frá 4. mars þykir þannig ekki verða skilið svo, að stefndi ábyrgðist, að leyfi Alþingis fengist, enda báðum aðilum jafnókunnugt um nauðsyn þess.

Af þessu leiðir, að samningar hafa fallið niður, vegna þess að verulegar forsendur brugðust fyrir kaupunum, og þar sem stefndi verður ekki talinn hafa tekið ábyrgð á þessum forsendum, verður að sýkna hann af kröfum stefndanda.

Stefndi greiddi stefndanda Nkr. 55.800.- við undirritun samnings þeirra frá 4.mars 1980 sem fyrstu greiðslu. Samkvæmt því, sem að ofan er rakið, féll samningur aðilja úr gildi, þar sem verulegar forsendur brustu fyrir efndum hans. Af því leiðir, að stefnandi verður að greiða stefnda aftur það, sem stefndi hafði greitt. Gagnkrafa stefnda er þannig tekin til greina. Rétt þykir með hliðsjón af ákvörðunum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o.fl., sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, sbr. 33. gr. í VI. kafla svo og ákvæði í VII. kafla laga nr. 13/1979, að ákveða stefnda 11% ársvexti af dæmdri upphæð frá þingfestingardegi gagnsakar til greiðsludags.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Axel Kristjánssyni hrl. og Ragnari Bjarnasyni skipaefitirlitsmanni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Útgerðarfélagið Njörður h. f., skal sýkn af kröfu stefnanda, Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk.

Stefnandi, Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk, skal í gagnsök greiða stefnda, Útgerðarfélaginu Nirði h. f., Nkr. 55.800.00 með 11% ársvöxtum frá 25. september 1981 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af máli þessu bæði í aðalsök og gagnsök.

Föstudaginn 19. október 1984.

Nr. 237/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Harry Bennett

(Páll A. Pálsson hrl.)

og

Kjartani Skaftasyni

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var að ósk ákærðu áfrýjað að því er þá varðar 9. september 1983. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 23. mars sl.

Fallast ber á sakarmat hins áfrýjaða dóms og færslu brota hinna ákærðu til refsíákvæða. Þá ber að staðfesta niðurstöðu dómsins um